



Varðandi: Jafnréttisáætlun Akraneskaupstaðar
Málsnúmer: 1510080
Dagsetning: 30. nóvember 2015

SAMÞYKKT VELFERÐAR- OG MANNRÉTTINDARÁÐS

Á 26. fundi sínum þann 4. nóvember samþykkti Velferðar- og mannréttindaráð áætlun um aðgerðir í jafnréttismálum 2015-2017, sem unnin er á grundvelli 2. kafla mannréttindastefnu sveitarfélagsins þar sem fjallað er um jafnréttismál. Eftirfarandi var bókað:

„Lögd fram drög að jafnréttisáætlun Akraneskaupstaðar 2015-2017.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir jafnréttisáætlun Akraneskaupstaðar 2015-2017. Ráðið felur sviðsstjóra að meta kostnað af áætluninni og vísar henni til bæjarráðs“.

GREINARGERÐ SVIÐSSTJÓRA

Samkvæmt 2. mgr. laga um jafna stöðu karla og kvenna nr. 10/2008 skulu fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Skal þar m.a. sérstaklega kveðið á um markmið og gerð áætlun um hvernig þeim skuli náð til að tryggja starfsmönnum þau réttindi sem kveðið er á um í 19.–22. greinum laganna. Jafnréttisáætlun og jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu skal endurskoða á þriggja ára fresti.

Stefnu sveitarfélagsins í jafnréttismálum er að finna í 2. kafla mannréttindastefnu Akraneskaupstaðar. Áætlun sveitarfélagsins um aðgerðir í jafnréttismálum, sem hér með er lögð fram til umræðu, miðast við að hafist verði handa við að kortleggja stöðu jafnréttismála og með fræðslu um kynjasamþættingu. Gert er ráð fyrir að áætlunin verði endurskoðuð í ljósi niðurstaðna úttektanna þegar þær liggja fyrir.

Samkvæmt upplýsingum frá aðila sem tekur að sér að gera jafnlaunaúttekt á grundvelli gagna úr launakerfi má áætla að jafnlaunaúttekt á vinnustaður á stærð við Akraneskaupstað kosti á



Akraneskaupstaður

bilinu 700-800 þ.kr. Samkvæmt upplýsingum frá Jafnréttisstofu tekur stofnunin að sér fræðslu um kynjasambættingu gegn þátttöku í ferðakostnaði. Reiknað er með að starfsmenn Akraneskaupstaðar vinni aðra úttektarþætti án viðbótarkostnaðar. Því er áætlað að framfylgd áætlunar um aðgerðir í jafnréttismálum 2015-2017 kosti á bilinu 800 – 1.000 þ.kr.

Samþykkt velferðar- og mannréttindaráðs er hér með vísað til afgreiðslu bæjarráðs.

Jón Hrói Finnsson

sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs